

Fundargerð 827. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, föstudaginn 27. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Björk Vilhelmsdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Ólafur G. Adolfsson í forföllum Jónínu Ernu Arnardóttur, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm í forföllum Ísólfs Gylfa Pálmasonar.

Bryndís og Ólafur sátu sinn fyrsta stjórnarfund og bauð formaður þau velkomin.

Gunnhildur Ingvarsdóttir boðaði forföll, en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn. Gunnar Einarsson boðaði einnig forföll en ekki gafst ráðrúm til að boða varamann í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir, Inga Rún Ólafsdóttir, Magnús Karel Hannesson að hluta og Guðjón Bragason sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 826. fundar - 1412022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 826. fundar frá 27. febrúar 2015.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Staða húsnæðismála - 1308010SA

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir aðkomu sambandsins að gerð frumvarpa um breytingar á löggjöf um húsnæðismál og skýrði áhrif sem þær lagabreytingar geta haft á aðkomu sveitarfélaga að húsnæðismálum. Einkum var rætt um greiðslu stofnstyrkja til leigufélaga sem rekin eru án hagnaðar-sjónarmiða og tilkomu húsnæðisbóta í stað vaxtabóta og almennra húsaleigu-bóta. Lagðar fram áherslur sambandsins vegna þessarar vinnu, dags. 15. janúar 2015. Einnig lögð fram yfirlit um áætluð framlög ríkis og sveitarfélaga vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta á yfirstandandi ári.

Málið verður rætt á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn verður 15. apríl nk.

3. Fundir Jónsmessunefndar 2015 - 1501041SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar – frá 20. mars 2015. Á fundinum var samþykkt dagskrá samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga sem haldinn verður 15. apríl nk. Einnig lögð fram drög að samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og borgarstjóra f.h. Reykjavíkurborgar um samstarf á sviði kjaramála. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu nánari grein fyrir samkomulaginu og svöruðu spurningum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða að veita formanni umboð til að undirrita samkomulagið f.h. sambandsins og að fulltrúi sambandsins í kjaramálaráði verði Karl Björns-son, framkvæmdastjóri sambandsins.

4. Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk - 0712408SA

Lögð fram ályktun aðildarfélaga Róta bs., byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi, dags. 17. mars 2015. Í henni er tekið undir ályktun stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem beinir því til aðildarsveitarfélaga sinna að óska eftir viðræðum við velferðarráðu-neytið um að ríkið taki við málaflokki fatlaðs fólks úr höndum sveitarfélaga vegna aðstæðna sem upp eru komnar. Í ályktuninni kemur fram að mála-flokkurinn á starfssvæði Róta bs. sé rekinn með umtalsverðum halla sem má að verulegu leyti rekja til reglugerðar um fjárframlög og endurmats Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á útgjaldapörf og ef ekki koma til meiri fjármunir af hálfu ríkisvaldsins sé fátt annað í stöðunni en að velferðarráðuneytið taki við rekstri málaflokksins.

Einnig lagði framkvæmdastjóri sambandsins fram gögn um vinnu verkefnis-stjórnar um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk, gerði nánari grein fyrir stöðu þeirrar vinnu og svaraði spurningum og ábendingum stjórnar-manna.

5. Fjármögnun nýrra verkefna í öðrum norrænum ríkjum - 1503012SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 6. mars 2015, með yfirliti um framkvæmd kostnaðarmats á nýjum eða auknum verkefnum sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum. Í minnisblaðinu kemur fram að annars staðar á Norðurlöndum er bæði til staðar formlegt verkferli um kostnaðarmat á breytingum á lögbundnum verkefnum sveitar-félaga og hvernig unnið er með þær niðurstöður í formlegum viðræðum ríkis og sveitarfélaga. Einnig var dreift yfirliti um samsetningu tekna staðbundinna stjórnvalda í OECD-ríkjum.

6. Vinnufundir með velferðarráðuneyti - 1111011SA

Lögð fram samantekt lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 19. mars 2015, frá vinnufundi félags- og húsnaðismálaráðherra og fulltrúa sambands-ins sem haldinn var 2. mars 2015.

7. Ósk um breytingu á 8. gr. samþykktu sambandsins - 1501039SA

Lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og sviðstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 23. mars 2015, um erindi Sigrúnar H. Pálsdóttur um breytingu á samþykktum sambandsins (áheyrnarfulltrúar á landsþingum), sbr. 11. tölul. fundargerðar 824. fundar stjórnar frá 30. janúar 2015.

Stjórnin felur formanni að kynna tillöguna fyrir landsþingsfulltrúum eigi síðar en tveim vikum fyrir landsþingið 17. apríl nk., í samræmi við 16. gr. samþykktanna, en mælir með að tillagan verði afgreidd með þeim hætti að stjórn sambandsins verði falið að vinna að mótun tillagna um heildar-endurskoðun samþykktu sambandsins.

8. Dagskrá landsþings 2015 - 1412006SA

Lögð fram drög að dagskrá XXIX. landsþings sambandsins sem haldið verður föstudaginn 17. apríl 2015.

Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrárdrögin og framkvæmdastjóra falið að senda dagskrána út til landsþingsfulltrúa.

9. Tilnefning í starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi - 1503017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningar-
málaráðuneytisins, dags. 18. mars 2015, þar sem Gunnar Einarsson, bærarstjóri
Garðabæjar og Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í
starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi, og
Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótsdals-héraðs og Guðjón Bragason,
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambands-ins, til vara.

*Formaður upplýsti að Gunnar Einarsson hefði beðist undan setu í starfs-hópnum. Nýr
fulltrúi verður tilnefndur í hans stað.*

**10. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir
atvinnuleitendur - 1502045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags.
26. febrúar 2015, um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, 122. mál.

**11. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga
- 1502016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags.
27. febrúar 2015, um frumvarp til breytinga á lögum um félagsþjónustu
sveitarfélaga (virk velferðarstefna), 416. mál.

**12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur -
réttur námsmanna - 1502047SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags.
27. febrúar 2015, um rétt námsmanna til húsaleigubóta innan sama sveitarfélags,
237. mál.

**13. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands
- 1502049SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 3.
mars 2015, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands,
434. mál.

*S. Björn Blöndal og Gunnar Axel Axelsson gera fyrirvara við umsögn sambandsins, þar
sem tekið er undir að nauðsynlegt sé að lögfesta heimild ráðherra til að ákveða aðsetur
stofnunar. Ákveðið var að taka á næsta stjórnarfundum stefnumarkandi umræðu um
umsagnir sambandsins og um stefnu um flutning opinberra starfa.*

**14. Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni -
1502040SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og
samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. mars 2015, um frumvarp til laga um
fólksflutninga á landi í atvinnuskyni, 504. mál.

*Rætt var um 34. gr. frumvarpsins og lagði Aldís Hafsteinsdóttir áherslu á að fellt yrði
brott ákvæði um að óheimilt verði að hafa standandi farþega á leiðum utanbæjar frá
árinu 2019. Með banninu taldi hún að vegið væri að forsendum almenningsaksturs sem
að stórum hluta byggja á því að farþegar geti ávallt gengið að því vísu að fá far með
vögnunum. Ef ekki er heimilt að standa í vögnum utan þéttbýlis aukast líkur á að
farþegar séu skyldir eftir með tilheyrandi óþægindum og líkur á að farþegar velji
óöruggari ferðamáta aukast til muna. Nær væri að lögbinda lækkaðan hámarkshraða séu
stand-andi farþegar í vögnunum. Ennfremur benti Aldís á að engar rannsóknir styðja*

Þessa ákvörðun og að erlendis er hvarvetna heimilt að standa í almenningssamgöngufarartækjum.

15. Umsögn um frumvarp til laga vegna Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 1503024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 11. mars, um frumvarp til laga um Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 144. mál.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björk Vilhelmsdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Ólafur G. Adolfsson

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm

framkvæmdastjóri

ritari